



**Skipulags- og samgönguráð.**

28. janúar 2019.


Mál nr. US180435

**Efni: Svar við fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks, Upplýsingar um hávaða vegna bílplans við Egilshöll í Grafarvogi.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 12. desember s.l. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir upplýsingum um það hvort að íbúar hafi kvartað undan hávaða vegna bílplans við Egilshöllina í Grafarvogi, þar sem áhugasamir ökuþórar hafa verið að nýta sér svæðið með tilheyrandi hávaða. Ef borist hafi kvartanir hversu margar hafa þær verið og hvernig hefur þeim þá verið svarað?

Svar: Kvartanir um hávaða frá bílastæði við Egilshöllina í Grafarvogi hafa hvorki borist Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur né umhverfis- og skipulagssviði.

  
Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri